



Tillaga um breytingar á dagskrá sveitarstjórnar og byggðaráðs.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á dagskrám sveitarstjórnar og byggðaráðs í apríl og maí.

1. Að aukafundur verði í sveitarstjórn þriðjudaginn 28. apríl þar sem fyrri umræða um ársreikning fer fram.
2. Að byggðaráðsfundur sem átti að vera fimmtudaginn 30. apríl færist fram um eina viku og verði miðvikudaginn 22 apríl. (Sumardagurinn fyrsti er fimmtudaginn 23. apríl).
3. Að sveitarstjórnarfundur sem átti að vera 13. maí færist til 7. maí þar sem síðari umræða um ársreikning fer fram. Það er jafnframt síðasti reglulegi fundur sveitarstjórnar þar sem sveitarstjórnarkosningar verða laugardaginn 16. maí.
4. Farið verður fram á afbrigði við afgreiðslu fundargerða nefnda sem halda fundi 4. og 5. maí (skipulags- og umhverfisnefnd og atvinnu og nýsköpunarnefnd) þar sem þeir fundir eru eftir að lögbundið er að senda út fundarboð f.h. 5. maí vegna fundarins 7. maí. Fundargerðirnar verða sendar til sveitarstjórnarfulltrúa um leið og fundum er lokið þriðjudaginn 5. maí.
4. Reglulegur fundur byggðaráðs og jafnframt síðasti fundur ráðsins verður samkvæmt dagskrá fimmtudaginn 25. maí.

Til aukafunda verður boðað ef tilefni er til.

Björn S. Lárusson
Sveitarstjóri